



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1680
komudagur 5.3.2008

Reykjavík, 4. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

*Efni: Umsögn íslenskuskorar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um að
ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku*

Íslenska er þjóðtunga, mál íslensks stjórnkerfis og stjórnsýslu. Það er mikilvægt fyrir lýðræðið og almenna umræðu í þjóðfélaginu að almenningur eigi greiðan aðgang að því sem ráðamenn þjóðarinnar segja í nafni hennar, bæði heima og erlendis. Séu ávörp og ræður ráðamanna aðeins aðgengileg á erlendu máli gerir það stórum hópi landsmanna erfitt fyrir eða ómögulegt að kynna sér efni þeirra. Auk þess býður það heim hættu á misvísandi þýðingum og túlkunum á því sem sagt er.

Það hlýtur að vera metnaðarmál ráðamanna að orð þeirra nái eyrum íslensks almennings. Forsenda þess er að þau séu íslensk. Íslenskuskor Háskóla Íslands lýsir fullum stuðningi við framlagða þingsályktunartillögu.

Í nafni íslenskuskorar

Eiríkur Rögnvaldsson
skorarformaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2008

Efni: umsögn um þingskjal 576 – 340. mál: Tillaga til þingsályktunar um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku.

Íslensk málnefnd styður þá tillögu til þingsályktunar sem lögð hefur verið fram um að ræður þær sem forseti Íslands og ráðherrar flytja á erlendri tungu liggi fyrir á íslensku samtímis eða svo skjótt sem auðið er.

Mikilvægt er að allir landsmenn geti á greiðan hátt kynnt sér á móðurmáli sínu þau efni sem æðstu menn þjóðarinnar ræða um erlendis sem fulltrúar þeirra.

Ræðurnar, sem oft eru frumsamdar á erlendum tungumálum, þurfa að vera aðgengilegar á vönduðu íslensku máli og því telur Íslensk málnefnd brýnt að skrifstofa forseta, ráðuneytin og aðrar opinberar skrifstofur hlutist til um að til verksins verði ávallt valdir þýðendur sem hafa gott vald á hinu erlenda máli en ekki síður íslenskri tungu.

Virðingarfylltst,
f. h. Íslenskrar málnefndar



Guðrún Kvaran
formaður

Allsherjarnefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. febrúar 2008

**Efni: Umsögn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um
þingsályktunartillögu um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku,
340. mál**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. febrúar 2008, þar sem tillaga til þingsályktunar um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku, 340. mál, var send Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til umsagnar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er sammála því markmiði tillögunnar að ræður og ávörp, sem forseti Íslands og ráðherrar flytja á erlendri tungu, liggi fyrir á íslensku samtímis eða svo skjótt sem auðið er og hvetur til þess að hún nái fram að ganga.

Gera má þá athugasemd við greinargerð með tillögunni að þegar þar er rætt um hugsanlegan útgjaldaauka vegna þýðinga er vísað til „íslenskunarstarfs“. Þegar haft er í huga að íslenska er opinbert mál ríkisins og ráðherrar og forseti hafa fram að þessu ávallt átt íslensku að móðurmáli má spyrja hvort ekki ætti fremur að reikna með ræðum og ávörpum frumsömdum á íslensku en þýddum yfir á erlend mál af þar til bærum sérfræðingum.

Virðingarfyllst



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Vésteinn Ólason